Júní 2021

Snemmtæk íhlutun í máli og læsi

Heilsuleikskolinn Kæribær

Júní 2021

Efnisyfirlit

Myndaskrá....5
Inngangur....5
Tilurð verkefnisins og markmið....5
Eftirfylgni....7
Mannauður....8
Grunnþættir menntunar....9
Fræðileg umfjöllun....11
Málþroski barna....11
Snemmtæk íhlutun....13
Málörvun og læsi....14
Læsisstefna....17
Samstarf við aðra skóla og stofnanir....17
Flokkun námsefnis....18
Námsefni....20
Vináttuverkefnið (Blær)....20
Vinátta í Kærabæ....21
Tákn með tali....22
Tákn með tali í Kærabæ....22
ART....23
ART í Kærabæ....23
Boðskiptareglur Bínu....24
Boðskiptareglur Bínu í Kærabæ....25
Lubbi finnur málbein....26
Lubbastund í Kærabæ....26
Málörvun í Heilsuleikskólanum Kærabæ....27
Daglegar aðstæður í leikskólanum....27
Málörvun fyrir yngri börn (1 til 3 ára)....28

Málörvun fyrir eldri börn (3 til 5 ára) 30
Reglubundnar skimanir, próf og athuganir 32
Mat á námi barna 32
TRAS 33
Orðaskil 35
Hljóm-2 37
Heilsubók 39
MIO stærðfræðiskimun 40
Íhlutun vegna frávika 41
Málhljóðamælir 42
Íslenski þroskalistinn 44
Smábarnalistinn 45
Skipulögð kennsla - TEACCH hugmyndafræðin 46
Lærum og leikum með hljóðin 47
AEPS 48
Gefðu 10 48
Samvinna við skólaþjónustu 49
Áhugavert fræðsluefni 50
Lokaorð 51
Heimildir 52
Fylgiskjöl 55
Fylgiskjal 1. Aðgerðaráætlun í læsisstefnu 55
Fylgiskjal 2 TRAS skráningarblað 57
Fylgiskjal 3 Samantektarblað TRAS 2-3 ára 57
Fylgiskjal 4 Samantektarblað TRAS 3-4 ára 58
Fylgiskjal 5 Samantektarblað TRAS 4-5 ára 58
Fylgiskjal 6 Niðurstöðublað til foreldra Orðaskil 59

Fylgiskjal 7 Úrvinnsla Orðaskil 60
Fylgiskjal 8 Hugmyndir að úrræðum Orðaskil 61
Fylgiskjal 9 HLJÓM-2 niðurstöður 62
Fylgiskjal 10 Hljóm -2 verkefnahugmyndir.....63
Fylgiskjal 11 MIO skráningarblað.....64
Fylgiskjal 12 MIO skráningarblað 5-6 ára.....65
Fylgiskjal 13 Samantektarblað MIO 2-3 ára.....66
Fylgiskjal 14 Samantektarblað MIO 3-4 ára.....66
Fylgiskjal 15 Samantektarblað MIO 4-5 ára.....67
Fylgiskjal 16 Samantektarblað 4-5 ára 67
Fylgiskjal 17 Námsmarkmiðablað.....68

Myndaskrá

Mynd 1 Áætlun um eftirfylgni þess verklags sem kemur fram í handbók leikskólans.....7

Mynd 2 Verkferill vegna TRAS skimana.....34

Mynd 3 Verkferill vegna Orðaskils skimana.....36

Mynd 4 Verkferill vegna Hljóm-2 prófanna.....38

Mynd 5 Verkferlar sérkennslu þegar kemur að íhlutun vegna frávika.....41

Mynd 6 Verkferill vegna Íslenska málhljóðamælisins.....43

Inngangur

Heilsuleikskólinn Kæribær starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr.655/2009 og aðalnámskrá leikskóla, sem er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum. Heilsuleikskólinn Kæribær er tveggja deilda leikskóli. Börn byrja í leikskólann árs gömul. Þeim er skipt eftir aldri á deildir leikskólans og eru yngri börnin á Undralandi en eldri börnin á Ævintýralandi. Yfirleitt færast börnin á milli deilda á haustin þegar leikskólastarf hefst aftur eftir sumarfrí.

Tilurð verkefnisins og markmið

Haustið 2018 auglýsti Menntamálastofnun eftir þátttakendum í þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi* í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu ásamt Eddu G. Antonsdóttur þá verandi forstöðumanni ræddu við stjórnendur leikskólanna fimm og var ákveðið að sækja um þátttöku en leikskólarnir komust ekki að. Sama haust var leikskólaráðgjafi ásamt nokkrum starfsmönnum af leikskólum svæðisins á námskeiði hjá Ásthildi sem markaði upphaf samstarfs Skólaþjónustunnar og Ásthildar. Leikskólarnir fimm á þjónustusvæði Skólaþjónustunnar Leikskólinn Laugalandi, leikskólinn Heklukot, leikskólinn Örk, leikskólinn Mánaland og Heilsuleikskólinn Kærabæ, samþykktu þátttöku og stóð verkefnið yfir frá hausti 2019 til vors 2021. Ásthildur Bj. Snorradóttir var verkefnastjóri varðandi innleiðingu á þessu þróunarverkefni í náinni samvinnu við Halldóru Guðlaugu Helgadóttur.

Mikill vilji er innan leikskólanna til að auka þekkingu og færni alls starfsfólks í vinnu með málörvun og málþroska leikskólabarna. Vaxandi fjölmenning á svæðinu ýtir undir þörf fyrir meiri þekkingu á málþáttum tungumálsins, málörvunarefni, undirstöðum fyrir lestur og hvernig megi nýta þá þekkingu sem best til snemmtækrar íhlutunar í leikskólastarfi. Stjórnendur leikskólanna fimm ásamt sveitarstjórnum sveitarfélaganna fimm; Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings Eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps og stjórn Skólaþjónustunnar sýndu mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins eru:

- Að öll börn í leikskólunum nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti fyrir upphaf grunnskólagöngu.
- Að leikskólabörn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggi á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.
- Að leikskólar taki leiðandi hlutverk í valdeflingu starfsfólks til að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar í daglegu starfi til að efla málfærni og læsi.

Afurð verkefnisins er handbók fyrir hvern leikskóla sem unnin var samkvæmt aðgerðaráætlun og handbókarramma verkefnisins þar sem sérstök áhersla var lögð á að virkja allt starfsfólk leikskólans til þátttöku og að hugmyndafræði og sérstaða hvers leikskóla kæmi skýrt fram. Í handbókunum kemur fram hvernig hver leikskóli flokkar og nýtir á markvissan hátt málörvunarefni í leik og starfi. Verkferlar og vinnulag var gert skýrara ásamt uppbygginu málörvunarstunda og mati á árangri. Einnig var leitast við að efla leiðtogahlutverk leikskólanna þegar kemur að snemmtækri íhlutun vegna málþroska og undirstöðuþátta fyrir læsi leikskólabarna.

Fjölbreytt fræðsla var veitt starfsfólki og vinnuhópum leikskólanna sem og foreldrum. Myndaður var tengiliðahópur innan hvers leikskóla til þess að halda utan um þróunarverkefnið. Jafnframt var leikskólunum veitt ráðgjöf við uppbyggingu á handbókunum, mikilvægum þáttum tengdum málþroska og læsi leikskólabarna og flokkun á námsefni. Starfsfólk leikskólans hefur lagt mikla vinnu í handbækurnar og má segja að samvinna, seigla, umhyggja og metnaður hafi orðið leiðarljós vinnuhópsins.

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn til að handbækurnar yrðu sem bestar úr garði gerðar. Leikskólabörn munu njóta afraksturs vinnunnar nú og til framtíðar.

Lengi býr að fyrstu gerð

Eftirfylgni

Mikilvægt er að þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun – mál og læsi* festist í sessi og sé virkt til framtíðar með áherslu á heildstæða skólastefnu. Til þess að það geti orðið þarf að setja upp áætlun um hvernig skuli viðhalda því vinnulagi sem skráð er í handbækur leikskólanna. Starfsmannavelta er töluverð í leikskólum og ástæða til að kynna verkefnið reglulega og markvisst í upphafi hvers skólaárs, bæði fyrir nýju starfsfólk og að eldra starfsfólk rifji upp reglulega verkferla og vinnulag leikskólans.

Skýr verkferill mun sýna fram á hvernig leikskólarnir geti viðhaldið og fylgt þeirri stefnu sem þróunarverkefnið hefur markað. Slíkur verkferill heldur utan um hlutverk hvers og eins innan leikskólanna og hvenær þarf að byrja íhlutun. Í kjölfar greininga, prófana og skimana þarf alltaf að fara fram markviss íhlutun. Ábyrgð á áherslum sem koma fram í handbókum leikskólanna er á höndum leikskólastjóranna sem dreifa henni eins og hentar best á hverjum stað fyrir sig.



Mynd 1 Áætlun um eftirfylgni þess verklags sem kemur fram í handbók leikskólans

Mannauður

Hargreaves og Fullan (2000) hafa skrifað um nauðsyn þess að byggja upp samfélög sem læra eða lærdómssamfélög í skólum þar sem áhersla er á samvirkni í námi nemenda, starfsfólks og stjórnenda og allir eigi að fá stuðning í starfi og námi. Nám einstaklinga er alltaf partur af stærri heild, og einungis er hægt að eflast í starfi með því að eiga í opinni samræðu um kennslu og kennsluaðferðir (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2018). Samkvæmt Lumby (2013) felur dreifð forysta í sér að starfsfólk stofnunar tekur að sér forystu óháð formlegum embættum, er afl sem verður til þegar tekist er á við hagnýt verkefni og afurð samskipta innan skóla. Hugtakið dreifð forysta byggist á að skólasamfélagið sameinist um að dýpka þekkingu sína og þróa forystueiginleika sem nýtast í daglegum störfum innan skólans með nemendum til eflingar lærdómssamfélaginu.

Kangas, o.fl. (2016) segja að þegar stjórnandi stofnunar vill þróa starfið í átt að lærdómssamfélagi er dreifð forysta mikilvægur þáttur. Stjórnandi þarf bæði að skilja styrkleika og seiglu hvers einstaklings sem og hópsins alls. Samkvæmt Hargreaves (1998) þarf áherslan að færast yfir á seiglu kennara og vita hvað þarf til að kennarar geti tekist á við kennslu því með aukinni seiglu þróast forystuhæfni og valdefling eykst. Komið hefur fram að skólastjórar þurfi að auðvelda kennurum að efla samvinnu og samskipti. Innan skóla sem náðu góðum árangri var vinnulagi á fundum breytt, öll lausnaleit varð markvissari og skilvirkari fyrir nemendur jafnt sem kennara (Tannehill og MacPhail, 2017). Því er mikilvægt fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskóla að nýta alla fundi sem best til eflingar starfinu og þar með ýta undir aukinn árangur nemenda.

Með þessu þróunarverkefni um mál og læsi er lögð áhersla á að vinna samkvæmt ofangreindum kenningum. Hver starfsmaður kom með og vann samkvæmt eigin hugmyndum innan ramma þróunarverkefnisins. Einnig var lagt mikið upp úr að valdefla starfsfólk leikskólanna og að vinna eftir hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem allt starfsfólk leikskólans er virkjað til þátttöku.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex talsins og byggist aðalnámskrá leikskóla (2011) upp á þeim þáttum. Þeir fléttast inní á allt skólastarf á öllum skólastigum:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Grunnþættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun. Með því að skipuleggja kennslu í leikskólum út frá þeim má skapa heildarsýn á skólastarfið. Grunnþættirnir eru samtvinnaðir en hver hefur sitt einkenni.

Læsi: felur í sér það meginmarkmið að nemendur taki virkan þátt í að umskapa og umskrifa heiminn. Þeir skapa einstaklingslega merkingu í heiminn og fyrirbæri með hjálp þeirra miðla og tækni sem býðst.

Sjálfbærni: felur í sér að börn takist á við ýmis álitamál, þar sem þjálfuð eru lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börn vilja taka þátt í samfélaginu. Hugmyndafræði sjálfbærni snýst um jöfnuð innan og á milli kynslóða.

Lýðræði og mannréttindi: byggir á menntun í gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Námið ætti að byggja á samstarfi út í nærsamfélagi skólanna til jafns við samstarf innan skóla. Lýðræðislegir skólar leggja áherslu á að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Jafnrétti: felur í sér nám um kyn og kynhneigð, menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Mikilvægt er að byggja upp félagslegan skilning barna á fötlun, með áherslu á skóla án aðgreiningar. Mikilvægt er að tengja fræðslu sem þessa við búsetu og það samfélag sem börnin búa í.

Heilbrigði og velferð: leggur áherslu á að skólar skoði starf sitt með hliðsjón af heilbrigði og vinna að uppbyggingu jákvæðs skólabrags þar sem bættur námsárangur og vellíðan er í öndvegi. Mikilvægt er að vinna með foreldrum, heilsugæslu og nærumhverfinu til að efla heilbrigði og vellíðan leikskólabarna.

Sköpun: leggur áherslu á leikinn sem námsaðferð og að einstaklingurinn læri með því að virkja eigin sköpunarkraft. Börn hafa meðfædda forvitni, athafnaþrá sem ýtir undir frumkvæði þeirra og námsáhuga. Mikilvægt er að nýta leikinn því þar læra börn samskipti og takast á við athafnir daglegs lífs í öruggu umhverfi.

Grunnþáttum menntunar er ætlað að undirstrika meginatriði í menntun og stuðla að samfellu í öllu skólastarfi og eiga að vera leiðarljósi í starfi menntastofanna „snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það" (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Fræðileg umfjöllun

Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Samstarf foreldra og starfsfólks leikskólans leggur grunn að undirbúningi fyrir börn til að takast á við allt nám. Snemmtæk íhlutun felur í sér að brugðist er við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik eða frávik í undirstöðuþáttum fyrir læsi ungra barna. Skráning og mat á árangri er mikilvægt til að byggja upp markvissa kennslu sem skilar árangri. Áhersla er á að efla málþroska og læsi ungra barna með markvissri málörvun í daglegu starfi í leikskólanum og leitast við að draga úr mögulegum erfiðleikum barna síðar á lífsleiðinni. Sérstök áhersla er lögð á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum, sem að rannsóknir og sérfræðiþekking hafa sýnt að skila árangri.

Málþroski barna

Málþroski felur í sér meðal annars orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Hluti af góðum málþroska er að hafa góðan málskilning, sterka hljóðkerfisvitund og að kunna viðeigandi boðskipti. Barn þarf að öðlast hæfni í öllum þessum þáttum, sem tengjast og vinna saman, til þess að þróun máls verði eðlileg (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000).

Tengslamyndun og tilfinningalegt samband barns og umönnunaraðila eru meginstoðir tungumálanáms á fyrstu mánuðum í lífi barns. Í framhaldinu skiptir máli að umönnunaraðilar noti gott og rétt mál, marbreytilegan orðaforða og lesi fjölbreyttar bækur sem hæfa aldri og þroska barnsins. Lestur og samskipti ýta undir fjölbreyttari orðaforða því barn lærir móðurmál sitt með því að hlusta á og tala við sína nánustu og aðra í umhverfinu (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019). Í móðurmálsuppeldi er endurtekning mikilvægur þáttur því börn hlusta á þá sem annast það, leika sér að hljóðum og endurtaka (Hrafnhildur Sigurðardóttir, e.d.). Sameinuð athygli með augnsambandi gegnir veigamiklu hlutverki í því að barn geti áttað sig á merkingu orða og fyrirætlunum þeirra sem það á í samskiptum við (Brooks og Kempe, 2012; Degotardi, o.fl., 2016). Fyrstu orðin sem börn nota ákveðið til boðskipta við aðra koma í kringum 10-18 mánaða og má segja að fyrstu fjögur æviár barna feli í sér þróun frá hljóðum yfir í orð, úr orðum í setningar og áfram þangað til þau geta tjáð sig nærri fyrirhafnarlaust (Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson, 2015). Það tekur börn tiltölulega stuttan tíma að tileinka sér orðaröð móðurmálsins og villur eru sjaldgæfar en meiri tíma virðist taka að ná tökum á beygingum orða þar sem íslenska er mikið beygingarmál. Þegar börn hafa farið í gegnum öll stig máltökunnar líkist mál þeirra að mestu máli fullorðinna og teljast þau þá hafa náð fullum tökum á móðurmáli sínu.

Samhliða málskilningi þróast hlustunarskilningur og síðar lesskilningur, Með hlustunarskilningi er átt við þann skilning sem barn leggur í frásögn. Það sama á við um lesskilning nema þar er um að ræða skilning barns á texta. Til þess að leggja skilning í lengri einingar máls þarf barnið bæði að hafa stjórn á eigin hugsunum og geta dregið rökréttar ályktanir um efni frásagnar eða texta. Rannsóknir á hlustunarskilningi hafa síðan sýnt fram á tengsl hans við orðaforða og þekkingu á málfræði (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Þessir þættir þróast í tengslum hver við annan og eigi barn að ná viðunandi færni í notkun tungumálsins þurfa þessir þættir að þróast samhliða hver öðrum. Rannsóknir hafa sýnt að nærmni fullorðinna aðila í nærumhverfi barnsins hefur jákvæð áhrif á þróun hlustunarskilnings. Því skiptir máli að hinir fullorðnu séu vakandi fyrir tilraunum barnsins til samskipta (Otto, 2018). Persónuleg og gagnkvæm samskipti með sameiginlegri athygli eru því mikilvægir þættir sem ýta hvað mest undir málskilning (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019).

Mál og málörvun fer fram í samskiptum, í gegnum leik og starf. Efling málþroska krefst hlustunar af hálfu barna, þau þurfa að hlusta eftir þeim samskiptum sem fara fram í leiknum og bregðast við (Bee og Boyd. 2004). Leikur ýtir undir alhliða þroska barna; vitsmuna-, tilfinninga,- mál-, félags- og líkamsþroska. Í leik æfa börn sig að tjá hugsun sína, börn með litla máltjáningu geta tjáð vilja sinn gegnum leik og tengsl við fullorðna eflast að sama skapi. (Wood, o.fl., 2011). Leikur styður við þróun læsis og gegnir því stóru hlutverki í málörvun í leikskólastarfi. Ef börn fá tækifæri til að leika sér í frjálsum og óheftum leik án skipulagningar, með eða án þátttöku hinna fullorðnu skapar það jafnvægi í þroska þeirra í gegnum æskuárin (Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, 2000). Það skiptir sköpum að vinna markvisst í leikaðstæðum og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna hvað varðar málþroska (Ásthildur Bj. Snorradóttir, o.fl., 2014). Til þess að gera sér grein fyrir mismunandi getu barna í málþroska er mikilvægt að hafa góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi stöðu barns í málþroska við upphaf skólagöngu ásamt því að vera meðvitaður um stöðu barnsins í mismunandi málþáttum sem skapa órófa heild í þróun á góðum málþroska.

Málskilningur er háþróuð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á að geta túlkað lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færnina við að búa til *skema* sem er mikilvægt fyrir mál-og lesskilning

(Brinkton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp *skema* fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Mál og lestur eru tvær hliðar á sama peningi. Góður málþroski er alger undirstaða fyrir lestur.

Byggt að hluta á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014) og óútgefinni meistararitgerð: „Með hugann við efnið“ Starfendarannsókn um mállörvun ungra barna, Kristín Ósk Ómarsdóttir, 2020).

Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hafa megi áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitzman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Snemmtæk íhlutun felur í sér að börn með málþroskafrávik er veitt sérstök örvun (Marta Eydal, o.fl., 2019). Heilastarfsemi ungra barna er ekki fullmótuð og þau þá næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Íhlutun sem byrjar snemma og stendur yfir í langan tíma hefur meiri áhrif heldur en sú sem byrjar seinna og stendur skemur yfir, þó ákefð íhlutunar skipti miklu máli (Fricke, o.fl 2013).

Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólginn með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með. Jafnframt þarf að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri. Eitt af því sem skiptir miklu máli í allri málörvun er að vinna markvisst eftir viðeigandi málþáttum. Til að það sé hægt þarf að flokka og skilgreina málörvunarefni leikskólans út frá því hvaða málþætti er verið að vinna með hverju sinni. Í framhaldi er hægt að mæta betur mismunandi þörfum barna í málörvun, einnig er mikilvægt að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun, meta árangur og senda viðeigandi málörvunarverkefni heim með þeim börnum sem þess þurfa. Slík vinnubrögð stuðla að aukinni samvinnu á milli starfsfólks leikskóla og foreldra.

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst í þessa átt vegna þess hve afgerandi áhrif hún hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafrávika getur

komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni eiga erfitt með að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu. Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998). Í bókinni um Bínu bálreiðu er unnið markvisst með að kenna börnum grunn að góðum boðskiptum. Bína kennir börnunum að sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2007).

Annar þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með málhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á málhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í málhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins (Þóra Másdóttir, 2008) Það er mikilvægt að leika sér með málhljóðin frá unga aldri vegna þess að íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra málhljóða á réttan hátt og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3;4 ára) geta myndað 88 % íslenskra einstakra málhljóða rétt. Því fer fjarri að það eigi að vinna með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum, heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Það ætti alltaf að vinna í samráði við talmeinafræðinga þegar unnið er með framburð málhljóða.

Byggt á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir og fl. 2014).

Málörvun og læsi

Kenningar um máltöku segja að börn fæðist með ákveðna hæfni til að læra tungumál en áhrif umhverfisins á máltökuskeiði barna séu ótvíræð (Otto, 2018; Brooks og Kempe, 2012). Hlutverk umönnunaraðila gegnir því stóru hlutverki.

Þegar barn á að þróa tungumálakunnáttu sína er notkun þess á málinu í félagslegu samhengi gríðarlega mikilvæg. Í upphafi er það móðirin sem hermir eftir hljóðum barnsins, með þessu hvetur hún barnið til herminám og leggur grunninn að því að það nýti herminám til að læra önnur málhljóð síðar meir (Brooks og Kempe, 2012). Barn þarf að læra viðeigandi notkun tungumálsins í ákveðnum aðstæðum, hvað sé rétt að segja á hverjum tíma og við hvern. Það er mikilvægt að börn þrói færni í notkun tungumálsins í félagslegu samhengi, annars eiga þau á hættu að missa af tækifærum til samskipta og verða jafnvel útundan í jafningjahópnum. Þannig þróast málvitund barna frá því að nota tungumálið til að tjá þarfir og langanir, yfir í að átta sig á einstökum hljóðum í orðum og hvernig hægt er að leika sér með orð í mismunandi túlkun þeirra (Otto, 2018). Starfsfólk leikskóla er því í lykilhlutverki hvað varðar daglega málörvun í leikskólastarfi. Þar skiptir mestu að þeir fullorðnu svari tilraunum barna til boðskipta til að barnið gefist ekki upp á því að leita eftir samskiptum. Orðaforðanám barnsins veltur að miklu leyti á næmni umönnunaraðila fyrir áhuga barnsins. Með því að fylgja bendingum ungabarns, augnaráði eða hreyfingum, og orða þá hluti sem barnið sýnir áhuga hvetur umönnunaraðili barnið til frekara náms. Að sama skapi getur umönnunaraðili kveikt áhuga barnsins á ákveðnum hlutum með því að ná athygli barnsins, leyfa því að skoða og handfjatla nýja hluti og nefna þá um leið (Brooks og Kempe, 2012). Það skiptir því höfuðmáli að starfsfólk leikskólans sé meðvitað um að virkja öll börn til þátttöku í leikaðstæðum vegna þess að leikurinn er aðalnámsleið ungra barna til þess að tileinka sér góðan málþroska.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að meginmarkmið læsis sé að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls 17). Umhverfið hefur eins og áður segir mikil áhrif á þroska þeirra. Þegar þau fá ýmiss konar örvun, til dæmis með því að hlusta á sögufrásögn, söng, tónlist, skoða myndir og ræða málin, er verið að auka líkur á því að sú reynsla komi þeim að notum í ýmsum athöfnum síðar meir (Hallen og Evershaug, 1993, bls.106)

Almenn málörvun í daglegu starfi er eitt af því mikilvægasta sem leikskólinn getur lagt af mörkum til eflingar málþroska leikskólabarna. Mál og lestur eru tveir samtvinnaðir þættir. Mikilvægt er að hafa umhverfi í leikskólum mál- og læsisörvandi og þurfa börnin að hafa aðgang að málörvunarefni við hæfi hvar og hvenær sem er. Málörvunin þarf að vera fléttuð inn í allt starf leikskólans og huga þarf að þáttum eins og orðaforða, máltjáningu, hlustun og ritun. Kennarar þurfa að vera vel undirbúnir til að grípa tækifæri til málörvunar þegar þau gefast (Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, 2011). Kennarar og starfsfólk leikskóla þurfa aukin heldur að hafa

þekkingu á þróun málþroska og eðlilegu ferli máltöku. Þeir þurfa einnig að hafa kunnáttu til að bera kennsl á frávik í málþroska svo mögulegt sé að veita viðeigandi stuðning (Otto, 2018).

Börn hafa almennt gaman af því að leika sér og því er kjörið að nýta leikinn markvisst til málörvunar, til dæmis að læra hljóð dýra í dýraleik, heiti líkamshluta við klæðnað og heiti mismunandi hluta við að skoða bækur (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1996). Einnig er kjörið að nýta matartíma til þess að skapa þörf fyrir boðskipti, læra hugtök tengd mat og til þess að hvetja börnin til að eiga samskipti. Á sama hátt er mikilvægt að nýta útiveru til þess að kenna börnum ný hugtök og kenna þeim hugtök tengd nánasta umhverfi.

Það þarf að skapa börnunum uppbyggilegar leikaðstæður þar sem stefnt er að því að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. Samvinna heimilis og skóla er einn mikilvægasti þátturinn í allri vinnu með börnum. Foreldrar þurfa að vera virkir þátttakendur í málörvun, til dæmis með því að byrja eins fljótt og mögulegt er að auka málskilning, bæta boðskiptafærni og máltjáningu barnanna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2004). Fullorðnir, til að mynda foreldrar, forráðamenn og starfsfólk skóla, geta stuðlað að auknum málþroska barna með því að setja orð á allar athafnir daglegs lífs. Til að byrja með ætti að nota einfaldar og stuttar setningar sem síðar væri hægt að lengja út frá aldri og skilningi barnanna (Christophersen og Mortweet, 2004).

Til að árangur náist í málörvun þurfa leikskólar að hafa skýr markmið og markvissa skráningu yfir það sem gert er í þjálfunarstundum. Ef málörvun gengur vel kemur það fram í aukinni lífsleikni, bættri líðan og betri námsárangri (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2004). Til að örva börn til tals þarf að tala við þau og ekki síður að hlusta á hvað þau hafa að segja. Þeir einstaklingar sem eru í umhverfi barnanna þurfa að vera góðar fyrirmyndir og huga að því hvað barnið segir frekar en hvernig það talar (Valdís B. Guðjónsdóttir, 2007).

Mál-, hreyfi- og vitsmunaþroski tvinnast saman og hafa áhrif hver á annan. Leggja þarf grunn að málþroska snemma í lífi barns. Allt frá fæðingu þarf að hafa góð samskipti við barnið í gegnum talað mál, þar sem raddblær, hrynjandi og endurtekning skipta miklu máli. Þroski barna eykst og þau verða betur undirbúin í að tileinka sér lestur og skrift ef þau hafa átt í góðum mállegum samskiptum og fengið góða málörvun frá fæðingu og við upphaf skólagöngu.

Byggt á óútgefinni meistararitgerð: „Með hugann við efnið“ Starfendarannsókn um mállörvun ungra barna, Kristín Ósk Ómarsdóttir, 2020)

Læsisstefna

Í leikskóla er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám síðar meir. Fagmennska leikskólakennarans byggir m.a. á þekkingu á þróun máls og læsis. Góð almenn málörvun í dagsins önn er mikilvægasta framlag leikskólans til að þróa læsi barna. Það þarf að tengja málörvun við allar athafnir og viðburði dagsins og huga að þeim þáttum sem hafa áhrif á þróun læsis. Leikurinn gegnir mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi. Rannsóknir sýna að leikur styður við þróun læsis, ekki síst ef leikskólaumhverfið er örvandi og góður aðgangur er að fjölbreyttu læsis- og ritmálsörvandi efnivið. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa á því að halda. Aðgerðaráætlun læsisstefnu Heilsuleikskólans Kærabæjar má sjá í fylgiskjali 1.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Samvinna á milli Heilsuleikskólans Kærabæjar og Kirkjubæjarskóla hefur það að markmiði að auðvelda nemendum að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi þeirra. Þær skriflegu upplýsingar sem fylgja nemendum úr leikskóla upp í grunnskóla eru niðurstöður úr *Hljóm-2* prófinu sem lagt er fyrir síðasta veturinn í leikskóla. Einnig niðurstöður *Íslenska þroskalistans* og annarra matstækja séu þær fyrir hendi. Allar upplýsingar fara frá leikskóla til grunnskóla með upplýstu samþykki foreldra, forráðamanna.

Einnig er Kæribær í samstarfi við tónlistarskólann þar sem kennarar tónlistarskólans koma í leikskólann einu sinn í viku og fræða um hljóðfæri, kenna okkur söng og aðstoða starfsfólk leikskólans við söngatriði á árshátíð grunnskólans.

Samstarf hefur legið niðri undanfarið vegna Covid-19 en var mikið undanfarin ár og verður vonandi tekið upp aftur næstkomandi vetur er:

Samstarf við Héraðsbókasafnið en þangað var farið einu sinni í mánuði og fengnar lánaðar bækur. Starfsfólk leikskólans ásamt börnum heimsótti Klausturhóla aðra hverja viku þar sem við spjölluðum, lékum og sungum með íbúum og einnig kom presturinn í heimsókn í leikskólann einu sinni í viku og sagði sögur og söng með okkur. e

Flokkun námsefnis

Við flokkun bókasafnsins í Heilsuleikskólanum Kærabæ var haft að leiðarljósi að starfið yrði markvissara inni á deildum. Það einfaldar starfsmönnum að vinna faglega inni á deild.

Flokkun bókasafnsins er eftirfarandi :

Almenn málörvun	Appelsínugulur
Bókaáhugi	Grár
Form	Brúnt
Fjöldahugtök	Rauður
Litir	Blár
Lýsingarorð	Svartur
Nafnorð	Ljósgrænt
Neitun	Fjólublár
Hljóðkerfisvitund - Rím	Bleikur
Sagnorð	Hvítur
Setningagerð	Grænn
Skemu	Gulur
Spurningar	Ljósrauður
Söngur og hreyfileikir	Ljós appelsínugulur
Viðeigandi boðskipti/félagsfærni	Ljósblár

Við flokkun á málörvunarefni Heilsuleikskólans Kærabæjar var haft að leiðarljósi að allir starfsmenn leikskólans gætu unnið markvisst með málörvun og starfið inni á deild yrði faglegra.

Flokkun málörvunarefnis er eftirfarandi:

Orðaforði og málskilningur	Gulur
Athygli/Einbeiting	Grár
Málfræði og setningaruppbygging	Rauður
Hlustun, heyrnræn úrvinnsla,heyrnarminni	Brúnt
Hljóðkerfisvitund, framburður	Grænn
Viðeigandi boðskipti	Svartur
Stafainnlögn og lestur	Blátt
Stærðfræði og vísindi	Hvítur

Námsefni

Vináttuverkefnið (Blær)

Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti. Verkefnið er þýtt, staðfært og framleitt í samstarfið við Red Barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. Þessu verkefni fylgir bangsinn Blær ásamt því að hvert og eitt barn á sinn eigin hjálparbangsa sem geymdur er í leikskólanum. Einnig fylgja með verkefninu spjöld með persónum og atburðum sem unnið er með í hópavinnu ásamt verkefnum, sögum og tónlist.

Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir *Vinátta* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- Umburðarlyndi: Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- Virðing: Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- Umhyggja: Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- Hugrekki: Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því. (Barnaheill, e.d)

Vinátta í Kærabæ

Yngri börn (1 til 3 ára)

Öll börnin eru með sinn litla Blæ með sér í vináttustundinni. Blær bíður börnin velkomin í vinastund. Allir eru nefndir með nafni og líka þeir sem eru fjarverandi. Blær knúsar alla sem vilja, síðan er verkefni, til dæmis: lesin saga um vináttu, vinanudd eða leikur um vináttu og dans. Að lokum er farið yfir myndaspjald um boðskap góðrar vináttu sem er sett á vegg inn á deild fram að næstu vinastund með Blæ. Stundin er enduð með því að kveðja Blæ og allir ganga frá sínum Blæ í hólfið sitt en hafa aðgang að honum allan daginn.

Eldri börn (3 til 5 ára)

Starfsfólk leikskólans hefur vináttustund með Blæ í ávaxtatíma einu sinni í viku. Stóri Blær kemur og heilsar börnunum í upphafi stundarinnar. Við lesum til skiptis sögu um vináttu eða skoðum stóru klípusöguspjöldin um vináttu. Yfirleitt skapast umræður um spjöldin og vináttusögurnar. Stundin er oft enduð með því að að hlusta á uppáhalds lag barnanna „*Við segjum stopp“* og allir dansa. Í lokin þökkum við fyrir stundina og kveðjum stóra Blæ. Litli Blær er aðgengilegur fyrir börnin í gegnum allan daginn og hann er oft notaður í daglegu starfi ef upp koma árekstrar eða ef börnin þurfa einhverja huggun þá geta þau náð í litla Blæinn sinn og knúsað hann eftir þörfum.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er eins og Sigrún Grendal (2018) segir frá, tjáskiptaaðferð sem upphaflega var þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaröskun. Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt samhliða töluðu máli enda er markmiðið að kenna viðkomandi að tjá sig og skilja íslenskt talmál. Um er að ræða náttúruleg tákn svo sem bendingar, látbragð og svipbrigði að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnarlausra. Táknin gera málið sýnilegt og styðja þannig við töluðu orðin þar sem áhersla er lögð á að tákna lykilorð hverrar setningar. TMT nýtist fólki á öllum aldri sem hefur tal- og málörðugleika af öðrum orsökum en heyrnarleysi. Táknin vara lengur en orðin sem hverfa um leið og þau eru sögð. Það gefur viðkomandi lengri tíma til að skilja það sem sagt er. TMT er í raun eðlilegt framhald af þeim tjáningarmáta sem flest ung börn hafa og ráða við löngu áður en þau hafa þroska til að mynda töluð orð. Undanfarin ár hefur komið í ljós að aðferðin nýtist vel í fjölmenningarlegu umhverfi til dæmis í leik- og grunnskólum. Aðferðin er málörvandi fyrir öll ung börn og því óhætt að hvetja foreldra og kennara ungra barna að nota TMT sem skemmtileg málörvunarleið sem um leið hjálpar þeim sérstaklega sem á þurfa að halda (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2018).

Tákn með tali í Kærabæ

Ætlunin er að nota Tákn með tali í öllum daglegum athöfnum. Núna er áhersla á að nota Tákn með tali í hádegismat. Þá segir kennari frá því hvað er í matinn með táknum, einnig er þessi tjáskiptaleið notuð með börnunum við matarborðið. Næst verður lögð áhersla á að nota Tákn með tali í fataklefa, í leik og daglegri málörvun.

ART

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART er byggt á ýmsum stefnum og straumum úr sálfræði til dæmis atferlismótun.

Í ART er félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund þátttakenda þjálfuð. Með því að vinna með þessa þrjá þætti samhliða næst betri og varanlegri árangur heldur en ef aðeins væri unnið með einn þátt í einu. Þessir þættir eru meðal annars þjálfaðir með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum. (Goldstein o.fl., 2010).

ART í Kærabæ

Í Kærabæ er farið í gengum 12 vikna prógrammið á hverju hausti og svo haldið áfram með ART vinnu í hverri viku að vori. Hver stund byrjar með því að börnin fara í röð og kennarinn býður þeim inn í stundina með ART handabandi. Þegar tíminn hefst er byrjað á að fara yfir reglur tímans og rifjað upp hvað var gert í síðasta tíma. Farið er yfir viðfangsefni tímans, hvort sem það er félagsfærni, tilfinningastjórnun eða siðfræði. ART tíminn endar á því að rifjað er upp hvað gert var í tímanum og heimaverkefni fyrir næsta tíma lagt inn. Í lokin er farið í leik og þakkað fyrir tímann með handabandi um leið og sagt er „ART er smart“.

Boðskiptareglur Bínu

Á báðum deildum leikskólans eru boðskiptareglur Bínu notaðar, en með þeim er börnunum kennd viðeigandi boðskipti sem er afar mikilvægur undirstöðuþáttur til að þróa eðlilegan málþroska. Á hverri deild eru reglurnar sýnilegar á myndrænu formi og eru þær rifjaðar upp í daglegu starfi leikskólans til dæmis í upphafi vinnustunda, matartímum, fataklefa sem og í samveru- og málörvunarstundum.

Bínureglurnar koma upprunalega úr bókunum um Bínu bálreiðu eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Sögupersónan Bína, sem er dúkka, sem kann ekki viðeigandi boðskipti og verður því stundum reið og kastar sér öskrandi í gólfið. Í framhaldinu lærir hún undirstöðuþætti boðskipta og þá fer henni að líða betur. Bækurnar byggja á reynslu höfundar af vinnu með börnum sem hafa verið greind með málþroskaraskanir, en algengt er að þau börn fylgist illa með og skilji þess vegna ekki til hvers er ætlast af þeim. Þau geta því átt í erfiðleikum með hegðun og eru jafnvel talin óhlýðin og erfið í samskiptum. Sýnt hefur verið fram á að hegðunarvandi barna geti hafa þróast vegna þess að þau eru með málþroskaröskun og eiga erfitt með að tjá sig með orðum (Ásthildur Bj. Snorradóttir. e.d)

Reglurnar eru eftirfarandi:

- Sitja kyrr
- Hlusta
- Horfa
- Passa hendur
- Passa fætur
- Bíða
- Skiptast á
- Muna

Boðskiptareglur Bínu í Kærabæ

Bína fylgir okkur í samverustund og í gegnum allan daginn. Reglurnar eru sýnilegar og eru notaðar mikið í leik og daglegu starfi. Börnin þekkja orðið boðskiptareglur Bínu og nýta sér þær eftir þörfum.

Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein er íslenskt efni sem hjálpar öllum að læra íslensku málhljóðin. Lubbi er íslenskur fjárhundur í lopapeysu sem ferðast um landið í leit að hundabeinum með íslensku málhljóðunum. Höfundar eru báðar talmeinafræðingar og höfðu starfað við talþjálfun barna í áratugi áður en þær bjuggu Lubbaefnið til. Málhljóðin eru kennd í þeirri röð sem flest börn ná tökum á þeim. Hvert málhljóð á vísu, örsögu og TMT-tákn til kennslu sem eru kynnt í bók sem fylgir kennsluefninu. Þessi bók er einnig er vel myndskreytt. Lubbi finnur málbein notar tákn sem eru „sótt í smiðju tjáningarmátans Tákna með tali (TMT) sem ætlaður er heyrandi börnum með mál- og talörðugleika“ (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009).

Lubbastund í Kærabæ

Í málörvunarstundum með Lubba er byrjað á að bjóða alla velkomna í Lubbastund og kynntur er bókstafur og tákn vikunnar. Stundin er byrjuð með því að syngja vísuna sem á við staf vikunnar og fundin eru orð sem sem passa við bókstafinn. Á eldri deildinni er lesin örsaga sem á við staf vikunnar. Á yngri deildinni er einnig lesin saga. Þegar sagan hefur verið lesin er stafurinn og táknið sem fylgir bókstafnum rifjað upp í lok stundarinnar og vísan sungin aftur.

Málörvun í Heilsuleikskólanum Kærabæ

Í öllum aðstæðum í leikskólanum er leitast við að nota Tákn með tali með börnunum. Núna er TMT mest notað í kringum matartíma þar sem farið er yfir mat dagsins með táknum. Reiknað er með að notkun TMT aukist eftir því sem starfsfólk og nemendur verða öruggari í notkun þess. Yfir skólaárið er ýmislegt gert sem ýtir undir samstarf foreldra við leikskólann. Til dæmis fara börnin með jólakattar-bangsa í desember heim yfir nótt. Honum fylgir bók þar sem foreldrar og börn skrá saman hvað gert var með kettinum. Frásögnin er svo lesin í samverustund næsta dag. Bókaormurinn er svipað verkefni sem gengur yfir allan veturinn og börnin fá orminn heim yfir helgi.

Til að ýta undir áhuga á bókstöfum og ritun hafa börnin frjálsan aðgang að pappír og ritföngum þegar þau vilja yfir daginn. Stundum fá börnin að nota tölvur til að æfa ritmál en þá fá börnin að skrifa frjálst eða eftir forskrift í ritvinnsluforritinu „Word“.

Daglegar aðstæður í leikskólanum

- Matarborð: Þar er rætt um hvað er í matinn og hvað var borðað í gær og hvaða mat börnunum finnst gott að borða. Börnin eru hvött til að setja orð á það sem þau vilja fá og einnig að kennarinn nefni það sem hann býður börnunum, til dæmis: „Viltu meiri mjólk“. Barnið svarar: „Má ég fá meiri mjólk“. Á meðan matast er ræðir hópurinn atburði líðandi stundar úr daglegu lífi.
- Fataklefi: Þar er rætt um hvernig veðrið í dag og hvaða fatnað þarf að nota miðað við veður. Einnig er rætt um í hvaða röð á að fara í fötin og notuð eru fjölbreytt hugtök, til dæmis: Setja utan yfir, innan undir, vinstri og hægri, ermi og skálm.
- Klósettferðir (Bleyjuskipti): Rætt er við börnin um þær athafnir sem eiga sér stað á skiptiborðinu, til dæmis: „Fyrst þurfum við að fara úr buxum og svo þurfum við að taka bleyjuna, síðan finnum við hreina bleyju og lögum buxurnar og síðan förum við að þvo hendur“. Setja orð á allar athafnir.
- Samverustundir: Allir eru boðnir velkomnir, farið er yfir reglur stundarinnar og þau verkefni sem á að vinna eins og að syngja vísur, fara í leiki og rifja upp það sem var gert í samverustundinni. Að lokum er matarlagið sungið og þakkað fyrir stundina.

Málörvun fyrir yngri börn (1 til 3 ára)

Ávaxtastund að morgni

- Bjóða börnin velkomin í ávaxtastund
- Fara yfir reglur stundarinnar (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum
- Málhljóð/stafur vikurnnar kynnt og talað um hver á málhljóðið/stafinn
- Lubbavísa vikunnar sungin
- Lesin saga
- Börnin borða ávexti
- Rifjað er upp málhljóð/stafur vikunnar og endað með Lubbavísu

Samverustund fyrir hádegi

- Bjóða börnin velkomin í samverustund
- Fara yfir Bínu reglur fyrir samverustund (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum
- Syngja 2-3 sönglög
- Fara í leik þar sem allir taka þátt
- Rifja upp/muna hvað var gert í stundinni
- Matarlagið sungið
- Börnunum þökkuð samveran

Markviss málörvunarstund

- Bjóða börnin velkomin í stundina
- Fara yfir Bínu reglur fyrir málörvunarstundina (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum..
- Vinna fjölbreytt verkefni, eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan:

Lubbaverkefni	Málörvunarverkefni	Bóklestur	Hreyfileikir
Heilsa og knúsa Lubba	Vinna með orðaforða og nota til þess leikföng, hluti og myndir	Lesa fjölbreyttar bækur sem hæfa aldri	Fara í Símon segir
Nefna málhljóð og bókstaf vikunnar	Spila bingó með myndir, leikföng og hluti	Lesa MIMI bækur og æfa TMT tákn	Fara með ýmsar þulur eins og „F*agur fiskur“*
Syngja Lubbavísu	Syngja lög með TMT	Lesa loðtöflusögur	Fara í leikinn. *„Hver er undir teppinu?“*
Æfa táknið fyrir málhljóð vikunnar	Ríma Fara með vísur og þulur	Skoða og benda á myndir í bókum	
Verkefni tengt málhljóði vikunnar	klappa atkvæði		

- Rifja upp/muna hvað var get í stundinni
- Þakka fyrir stundina

Málörvun fyrir eldri börn (3 til 5 ára)

Ávaxtastund að morgni

- Bjóða börnin velkomin í stundina
- Fara yfir reglur stundarinnar (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum
- Borða ávexti
- Nefna vikudag og mánuð
- Saga lesin og börnin spurð spurninga úr sögunni.
- Lubbalag vikunnar sungið
- Rifja upp/muna hvað var gert í stundinni
- Þakka fyrir samveruna

Samverustund fyrir hádegi

- Bjóða börnin velkomin í samverustund
- Fara yfir Bínu reglur fyrir samverustund (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum.
- Syngja 2-3 vísur
- Fara í leik þar sem allir taka þátt.
- Rifja upp/muna hvað var gert í stundinni
- Matarlagið sungið
- Börnunum þökkuð samveran

Markviss málörvunarstund

- Bjóða börnin velkomin í stundina
- Fara yfir Bínu reglur fyrir samverustund (Bína - myndrænt)
- Fara yfir skipulag stundarinnar með myndrænum vísbendingum.
- Vinna fjölbreytt verkefni, eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan:

Lubbaverkefni	Málörvunarverkefni	Bóklestur	Hreyfileikir
Heilsa og knúsa Lubba	Leika með orð Skoða fyrsta hljóði í orði	Lesa fjölbreyttar bækur sem hæfa aldri	Fara í Símon segir
Nefna málhljóð vikunnar	Spila bingó með myndir, leikföng og hluti	Lesa MIMI bækur og æfa TMT tákn	Fara með ýmsar þulur eins og *fagur fiskur*
Syngja lagið	Syngja lög með TMT	Lesa loðtöflusögur	Fara í hver er undir teppinu
Æfa táknið fyrir málhljóð vikunnar	Ríma, lesa/fara með vísur	Skoða og benda á myndir í bókum	
Verkefni tengt málhljóðinu	klappa atkvæði		
	Skoða samsett orð og orðhlutaeyðingu		

- Rifja upp/muna hvað við vorum að gera í stundinni
- Þakka fyrir stundina

Reglubundnar skimanir, próf og athuganir

Skimanir og próf og athuganir eru framkvæmd reglubundið yfir skólaárið. Ef niðurstöður matstækja sína frávik er gripið til viðeigandi ráðstafana (sjá kaflann um Íhlutun við frávikum).

Mat á námi barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safna upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Markmið námsmats í leikskóla er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara, annars starfsfólks og foreldra á þroska barna, námi og líðan. Mat á námi barna þarf að vera einstaklingsmiðað og hvert barn á að fá tækifæri til þess að meta eigið nám. Mat er unnið í samstarfi við leikskóla, foreldra og barna og er áherslan á heildstætt mat á líðan og framför barna fremur en á afmörkuðum mælingum á færniþáttum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Mikilvægt er að allir sem starfa með börnum séu sammála um þær matsaðferðir sem nýttar eru. Einnig er mikilvægt er að starfsfólk leikskóla fái tíma til að ígrunda það mat sem framkvæmt er og að unnið sé með áhuga, nám og styrkleika barnanna þegar kemur að mati á námi þeirra.

Byggt á aðalnámskrá leikskóla 2011: (Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík.

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkudvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með *TRAS* skráningunni er hægt að leita eftir eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.*TRAS* er skráning á málþroska ungra barna. Skráningin flokkast undir þrjú færni svið (Menntamálastofnun, e.d.).

- Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting
- Málskilningur og málvitund
- Framburður, orðaforði og setningarmyndun.

Í Kærabæ er skráning í listann gerð tvisvar á ári með sex mánaða millibil og hefst þegar barnið er 2,2 ára til 4.8 ára. Á mynd 2 er hægt að sjá hvernig unnið er með niðurstöður *TRAS* í Heilsuleikskólanum Kærabæ. Í fylgiskjali 2 er hægt að sjá sýnishorn af *TRAS* skráningarblaði sem hvert og eitt barn fær í ferilmöppuna sína. Í fylgiskjölum 3 til 5 er hægt að sjá samantektarblöð fyrir hvern aldurshóp.



Mynd 2 Verkferill vegna TRAS skimana

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Höfundur prófsins er Elín Þöll Þórðardóttir, talmeinafræðingur. Prófinu er ætlað að meta orðaforða barnanna og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu sem skera úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. *Orðaskil* er samið sérstaklega fyrir íslensk börn og er gátlisti orða og setninga. Foreldrar eru beðnir um að merkja við orð/setningar sem þeir hafa heyrt börn sín nota (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

Kæribær skimar öll börn við 30 mánaða aldur. Á mynd 3 er hægt að sjá hvernig unnið er með niðurstöður úr *Orðaskil* í Heilsuleikskólanum Kærabæ. Í fylgiskjali 6 er hægt að sjá sýnishorn af niðurstöðublaði sem skilað er til foreldra og í fylgiskjali 7 er hægt að sjá úrvinnslublað eftir að búið er að leggja fyrir málþroskaprófið *Orðaskil* og í fylgiskjali 8 er hægt að skoða sýnishorn að hugmyndum að úrræðum.



Mynd 3 Verkferill vegna Orðaskils skimana

Hljóm-2

„*HLJÓM-2* er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum“ (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002, bls. 8) og er síðasta málþroskaprófið sem er lagt fyrir börn í leikskóla fyrir grunnskólaaldur. Lögð eru fyrir barnið sjö undirþættir prófsins, sem kanna færni barnanna í rími (benda á mynd sem rímar við orð sem kennarinn segir), samstöfum (klappa taktinn í orðum), samsettum orðum (sett saman tvö orð og búið til eitt orð), hljóðgreiningu (hlustum eftir hljóðum í orðum), margræðum orðum (sama orð sem táknar mismunandi hluti), orðhlutaeyðingu (hluti af orði tekið í burtu og barnið spurt hvað standi eftir), og hljóðtengingu (hljóð bókstafanna í orðinu sögð með 1 sekúndu bið á milli og barnið á að giska á hvert orðið er) (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002, bls. 22-25). *HLJÓM-2* spáir fyrir um líklegan árangur í lestri þegar börnin koma í grunnskóla.

Kæribær leggur *HLJÓM-2* fyrir elstu börn leikskólans að hausti og þau sem þurfa fara aftur í janúar. Á mynd 4 er hægt að sjá hvernig unnið er með niðurstöður úr *HLJÓM-2* í Heilsuleikskólanum Kærabæ. Í fylgiskjali 9 er hægt að sjá sýnishorn af niðurstöðublaði sem afhent er foreldrum eftir fyrirlögn og í fylgiskjali 10 er hægt að sjá verkefnahugmyndir til að þjálfa þá þætti sem skoðaðir eru í *HLJÓM-2*.



Mynd 4 Verkferill vegna Hljóm-2 prófanna

Heilsubók

Unnur Stefánsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi hafði frumkvæði að mótun heilsustefnu fyrir leikskóla. Markmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og mikla hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa.

Við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn rafræna Heilsubók barnsins, sem er skráning á þroska og færni þess í tengslum við markmið Heilsustefnunnar. Hún hefur að geyma útfærða skráningu varðandi t.d. heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, úthald, þekkingu á litum og formum, hreyfifærni, næringu og svefn og færni í sköpun. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Tvisvar á ári eru börnin metin og árangurinn skráður í Heilsubók barnsins. Fyrsta skráning er í kringum afmæli barnsins og svo aftur sex mánuðum seinna. Heilsubók barnsins er í öllum tilfellum trúnaðarmál og eign barnsins (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2006).

Hér er hægt að sækja áhersluþætti Heilsustefnunnar

MIO stærðfræðiskimun

Til þess að geta mætt hverju barni þar sem það er statt í þroska er nauðsynlegt að vita um þekkingu þess á stærðfræðihugtökum. *MIO* er meðal annars skráning á þekkingu barna á afstöðuhugtökum, orðaforða tengdum stærðfræði og náttúruvísindum ásamt rökhugsun. *MIO* hjálpar einnig til við að skipuleggja vinnuna í leikskólanum þannig að barnið þroski áfram skilning sinn á stærðfræði. *MIO* skífunni er skipt í þrjá meginhluta, einn fyrir hvert svið stærðfræðinnar. Þessi þrjú svið eru:

- Þrautalausnir
- Rúmfræði
- Talning og fjöldi

Í Kærabæ eru börnin skimuð í þeim mánuði sem þau verða 2ja ára og 6 mánaða, 3ja ára og 6 mánaða og 4ja ára og 6 mánaða. (Aschenhoug. H. og Co., 2008). Dæmi um skráningarblað má sjá í fylgiskjali 11. Að auki má sjá hvernig haldið er utan um skráningu fyrir elsta árgang í fylgiskjali 12. Í fylgiskjölum 13 til 16 er hægt að sjá samantektarblöð fyrir hvern aldurshóp.

Íhlutun vegna frávika

Þegar um frávik eftir reglubundnar skimanir, athuganir og próf er unnið samkvæmt verkferli sérkennslu sjá mynd 5 og gripið til viðeigandi íhlutunar sem unnið er eftir. Námsmarkmiðin eru skráð á viðeigandi blað sjá fylgiskjal 17. Þær viðbótar skimanir sem við höfum í Heilsuleikskólanum Kærabæ eru eftirfarandi:



Mynd 5 Verkferlar sérkennslu þegar kemur að íhlutun vegna frávika

Málhljóðamælir

Íslenski málhljóðamælirinn er smáforrit sem hentar vel til að forprófa öll börn á leik-grunnskólaaldri til að meta hvar barnið stendur í framburði íslensku málhljóðanna og hvernig unnt er að koma sem best til móts við þarfir þess. Skimunartækið hentar jafnframt sérstaklega vel til að skima nemendur af erlendum uppruna og undirbúa þau fyrir íslenskunámið með ábendingum um framburð íslensku málhljóðanna. Með *Íslenska málhljóðamælinum* fá börn vísi að greiningu á málhljóðamyndun sinni. Bent er á hvaða málhljóð þarf að þjálfa m.a. til að laða fram réttan framburð og hljóðavitund sem mikilvæg er í umskráningarferli fyrir læsi.. Skimun kemur ekki í stað prófunar talmeinafræðings. (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Á mynd 6 er hægt að sjá verkferil vegna niðurstaðna *Íslenska málhljóðamælisins*.



Mynd 6 Verkferill vegna Íslenska málhljóðamælisins

Íslenski þroskalistinn

Íslenska þroskalistanum er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna. *Íslenski þroskalistinn* er staðlaður hérlendis og þeir sem hafa lokið réttindanámskeiði um *Íslenska þroskalistann* mega nota listann.

Undirprófunum sex á *Íslenska þroskalistanum* er deilt niður á tvo prófþætti, hreyfiþátt og málþátt. Hreyfiþáttur er settur saman úr undirprófunum grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg. Hreyfiþáttur er mælikvarði á almenna hreyfifærni barns að mati móður. Málþáttur er settur saman úr undirprófunum hlustun, tal og nám. Málþáttur er mælikvarði á almenna færni barns á málsviði að mati móður. Þroskatala er mælikvarði á almennan þroska barns. Þessi tala er sett saman úr öllum undirprófum þroskalistans og er því samantekt á mati móður á þroska barns.(Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997)

Í Heilsuleikskólanum Kærabæ er Íslenski þroskalistinn lagður fyrir ef grunur er um frávik.

Smábarnalistinn

Smábarnalistanum er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska 15 mánaða til 38 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna. Þeir sem hafa lokið réttindanámskeiði um *Smábarnalistann* mega nota listann.

Listinn samanstendur af fimm undirprófum og gefa heiti þeirra til kynna hvaða svið þau meta. Prófin eru: Grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal. Þessi fimm undirpróf skipa sér á tvo prófþætti: Hreyfiþátt og málþátt. Heildartala listans, þroskatala, er gerð af öllum fimm undirprófum hans. *Smábarnalistinn* er eina staðlaða matstækið hérlendis til að meta mál- og hreyfiþroska barna yngri en þriggja ára. Hann hefur því nokkra sérstöðu á meðal þeirra matstækja sem hægt er að nota við þroskamat á ungum börnum. Listinn getur komið að góðum notum við rækilegt þroskamat á barni og við reglubundið mat á þroska barns. (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005)

Í Heilsuleikskólanum Kærabæ er *Smábarnalistinn* lagður fyrir ef grunur er um frávik.

Skipulögð kennsla - TEACCH hugmyndafræðin

TEACCH - er skammstöfun sem stendur fyrir Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children, eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir. Hér er um að ræða alhliða þjónustulíkan fyrir fólk með röskun á einhverfurófi og fjölskyldur þeirra. Þjónustan miðast við alla aldurshópa allt frá snemmtækri íhlutun (early intervention) til fullorðins ára.

Skipulögð kennsla (Structured Teaching) nefnist sú kennsluaðferð sem þróuð hefur verið innan TEACCH-líkansins. Rannsóknir hafa sýnt að skipulögð kennsla hentar mjög vel einstaklingum með röskun á einhverfurófi. Með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi, sjónrænt boðskiptakerfi, og veita yfirsýn yfir það sem er í vændum, hefur áhrifamikil leið verið fundin til að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Þessir áhersluþættir eru sérstaklega mikilvægir vegna þess að allt of oft fær barnið ekki tækifæri til að virkja sjálfstæði sitt í mismunandi aðstæðum vegna skorts á frumkvæði. Heildstæð þjónusta fyrir einstaklinga með einhverfu og fjölskyldur þeirra. Þjónustan/íhlutunin er sérstaklega sniðin að þörfum, færni og áhuga hvers og eins. Meginmarkmið er að auka færni, þekkingu og þátttöku í samfélaginu. Unnið markvisst með þætti sem styrkja frumkvæði og sjálfstæði einstaklingsins.

Einstaklingskennsla er mjög mikilvægur þáttur í dagsskipulagi barnsins svo það geti tileinkað sér nýja færni. Þá færni þarf barnið að geta yfirfært á aðrar nýjar aðstæður. Skipulagða kennslu er hægt að framkvæma hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er. Meginmarkmiðið er ávallt að einstaklingurinn lifi sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og aðlagist samfélaginu á sinn hátt.

Lagt er upp með sjónrænan námstíl, börnin hugsa í myndum því er mikilvægt að hafa sem mest sjónrænt. Þau eru oft lengi að vinna úr upplýsingum og eiga í erfiðleikum með að sjá heildarmyndina. Erfitt að horfa á fólk um leið og er talað/hlustað. Því er mælt með að sitja við hliðina á börnunum í verkefni frekar en á móti.

Börn með einhverfu hafa mikla þörf fyrir fyrirsjáanleika og rútínur. Gott er að hafa stutt og skýr fyrirmæli s.s. „fyrst og svo“ og „hætta/búið“. Til að ná sem bestum árangri í meðferð og kennslu

þarf að horfa á styrkleika barnsins, foreldranna og umhverfisins ásamt því að þekkja og virða sérkenni fólks með einhverfu. (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. e.d)

Lærum og leikum með hljóðin

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur, talmeinafræðing sem er ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Málhljóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er í skemmtilegum æfingum í bókum, spilum og myndbandsefni. (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008).

Heilsuleikskólinn Kæribær nýtir Lærum og leikum með hljóðin með börnum sem þurfa auka þjálfun til að ná málhljóðunum rétt.

AEPS

AEPS matskerfið (e. Assessment, evaluation and pro-gramming system for infants and children) er ætlað til að meta getu barna frá fæðingu til sex ára aldurs og hvaða færni barnið þarf aðstoð við að þjálfa. *AEPS* skoðar sex þætti; fín- og grófhreyfingar, athafnir daglegs lífs, vitsmunaþátt, félagsleg tjáskipti og félagsleg samskipti. Niðurstöður *AEPS* auðvelda starfsfólki með að ákvarða hvaða þroskaþætti þarf að þjálfa og er góð undirstaða þegar verið er að skipuleggja viðeigandi inngrip ásamt því að gerð einstaklingsnámskráa verður auðveldari. Matskerfið er byggt upp með áherslu á gott samstarf milli foreldra og leikskóla þegar markmið inngrips eru ákvörðuð (Bricker, 2002).

Heilsuleikskólinn Kæribær óskar eftir því að leikskólaráðgjafi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu vinni með okkur, barninu og foreldrum ef grunur er um frávik. Leikskólaráðgjafi leggur *AEPS* fyrir, reiknar út niðurstöður og situr skilafund með starfsfólki leikskólans og foreldrum og er með eftirfylgd eftir þörfum.

Gefðu 10

Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn. Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapar þú námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Þegar allt starfsfólk á deildinni gefur barninu 10 mínútur daglega fær barnið sem er að læra íslensku sem annað mál 30–40 mínútna jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað málörvunarstarf. Kennarinn fylgist með samskiptunum með því að hafa skráningarblað í vasanum eða teygjur á

úlnlið. Þannig er byrjað með tíu teygjur á hægri úlnlið og þær færðar yfir á vinstri úlnlið. Hver mínúta skiptir máli en í lok dags eiga allar teygjur að vera vinstra megin.

Með því að gefa 10 er verið að örva málþroska, auka samskipti, fjölga námstækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyri barnahópnum og betri trú á eigin getu. Vel undirbúin málörvun, lestrarstundir og vinna með milliorðaforða og flóknari hugtök eru viðfangsefni sem síðan þarf að sinna jöfnum höndum. Þar er ekki síst mikilvægt að huga að skipulagi, hópastærð, myndrænum stuðningi, bókalestri og orðaforðavinnu. Meta þarf framfarir barna í íslensku sem öðru máli alla leikskólagönguna. (Fríða B.jónsdóttir, e.d)

Í Kærabæ gefa kennarar börnum í sínum hópi sem þurfa aukna málörvun jákvæð örvandi samskipti í tíu mínútur á dag. Þar sem skoðaðar eru myndir eða bók lesin.

Samvinna við skólaþjónustu

Skóla þjónusta
Rangárvalla og
Vestur Skaftafellssýslu

Ef niðurstöður matstækja gefa til kynna erfiðleika barns í málþáttum er hægt að vísa barninu til sérfræðiþjónustu Skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu. Þar starfar m.a. talmeinafræðingur sem sér um að meta börnin nánar hvað varðar málþroska þ.e. málskilning, máltjáningu og framburð. Þegar greining talmeinafræðings liggur fyrir er niðurstöðum skilað til foreldra og starfsmanna skólans og veitt ráðgjöf um framhald. Það geta verið inngrip eins og aukin einstaklingsþjálfun, þjálfunartímar hjá talmeinafræðingi eða önnur úrræði eftir þörfum, til að efla málþroska eða leiðrétta framburð og styrkja hljóðkerfisvitund.

Áhugavert fræðsluefni

Heimasíður með smáforritum

- http://www.einhverfa.is/is/fraedsla/sjaldtolvur-og-snjallsimar
- http://www.tmt.is/gagnlegt-efni/spjaldtolvur-og-snjallsimar/
- http://www.appland.is

Áhugaverðar bækur um einhverfu á íslensku

- Litróf einhverfunnar
- Önnur skynjun – ólík veröld
- Frík, nördar og aspergersheilkenni
- Dyrnar opnast – frá einhverfu til doktorsnafnbótar
- Sá einhverfi og við hin
- CAT-kassinn er líka hjálplegur varðandi sjónrænt skipulag

Lokaorð

Þróunarverkefnið snemmtæk íhlutun hefur verið góð og mikilvæg vinna og sjáum við handbókina fyrir okkur sem nokkurs konar leiðarvísi fyrir starfsfólk leikskólans þegar kemur að vinnu við málörvun leikskólanemenda. Eftirfylgd með verkefninu og handbókinni er gríðarlega mikilvæg og mun Kæribær óska eftir þátttöku skólaþjónustunnar með fræðsluerindum og námskeiðum eftir þörfum hverju sinni. Áhersluþættir fræðslunnar munu eðlilega vera á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar ásamt hugmyndum um hvernig er hægt að stuðla að markvissri málörvun ungra barna.

Á meðan á verkefninu stóð var farið yfir alla verkferla og samræmt á milli deilda hvernig er unnið eftir stefnu leikskólans þegar kemur að almennu starfi. Farið var yfir hvernig starfið með börnunum þróast eftir aldri og getu þeirra frá því að þau byrja í leikskólanum og þar til þau útskrifast. Leikskólastarf er síbreytilegt og því verður handbókin endurskoðuð jafnt og þétt samhliða því sem starfið þróast.

Verkferlar í handbókinni eiga að endurspegla vinnubrögð inni á deildum og þar má finna sniðmót fyrir málörvunarstundir. Vonumst við til að nýja verklagið auðveldi starfsfólki að hefja störf og um leið vonumst við til að handbókin auki öryggi ogýti undir starfsþróun starfsmanna. Handbókin hefur einnig orðið til þess að allt málörvunarefni nýtist betur og bækur eru nú aðgengilegri. Það er von okkar sem að þessari vinnu stóðu að handbók þessi muni nýtast öllum vel í leik og starfi, bæði starfsfólki leikskólans, foreldrum/forráðamönnum og ekki síst nemendunum sjálfum.

Heimildir

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir. (2000). Íslenska í leikskóla. *Skíma 23*(2), 23-27.

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (e.d.). *Snemmtæk íhlutun og bækurnar um Bínu*. Sótt af http://www.talstudio.is/index.php?option=com_content&view=article&id=51:snemmtaek-ihlutun-og-baekurnar-um-binu&catid=35:almennt&Itemid=53

Aschenhoug. H. og Co. (2008). MIO - stærðfræðin, einstaklingurinn, aðstæðurnar (Dóróþea Reimarsdóttir, Jóhanna Skaftadóttir og Þóra Rósa Geirrsdóttir Þýddu). Ísland: Gloppa sf.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2004). Að ná árangri í málörvun. *Talfræðingurinn 18*(1), 34-36.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2007). Snemmtæk íhlutun og bækurnar um Bínu. *Talfræðingurinn, 20*(1), 39.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). Að byrja nógu snemma – markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur. *Talfræðingurinn, 21*(1), 20−22.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014*). Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: höfundar.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál-lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar. Greinasafn um lestur og læsi* (bls. 39-49). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestarfélagið.

Barnaheill. (e.d.) *Vinátta*. Sótt af https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu

Bee, H og Boyd, D. (2004). *The Developing Child* (10. útgáfa). Boston: Pearson.

Bricker, D. (2002). *AEPS: Assessment, Evaluation and programming system for infants and children* 2. bindi (2. útgáfa) Baltimore: P. H. Brookes.

Brinton, B. og Fujiki, M. (2006). Social Intervention for Children With Language Impairment Factors Affecting Efficacy. *Communication Disorders Quarterly. 28*(1). 39-41. DOI:10.1177/15257401060280010501.

Brooks, P. J. og Kempe, V. (2012). *Language Development*. Chichester: PBS Blackwell.

Bryndís Guðmundsdóttir. (2008) *Lærum og leikum með hljóðin*. Reykjanesbær: Raddlist ehf.

Christophersen, E. R., og Mortweet, S. L. (2004). *Uppeldisbókin.* (Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu). Reykjavík: Skrudda.

Degotardi, S., Torr, J. og Nguyen, N.T. (2016). Infant–toddler educators' language support practices during snack-time. *Australasian Journal of Early Childhood 41*(4), 52–63.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998) *Orðaskil: Málþroskapróf*. Reykjavík. Framsaga.

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Forlagið.

Fricke, S., Bowyer-Crane, C., Haley, A. J., Hulme, C. og Snowling, M. J. (2013). Fefficacy of language intervention in the early years. *Journal og Child Psychology and Psychiatry, 53*(3), 280-290. doi:10.1111/jcpp.12010

Fríða B. Jónsdóttir. (e.d.). *Gefðu 10. Ekki bíða, byrjaðu strax*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/gefdu_10_baeklingur_prent-2.pdf

Goldstein, A. P., Glick, B. og Gibbs, J. C. (2010). *ART Aggression Replacement Training: A Comprehensive Intervention for Aggressive Youth*. Champaign: Research Press Publishers.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.). *Skipulögð kennsla (TEACCH)*. Sótt af https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan – Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík: IÐNÚ.

Hallen, D. og Evenshaug, O. (1993). *Barn á þroskabraut*. (Jón Ragnarsson, Magnús Erlingsson og Gunnar Finnbogason þýddu). Skálholt: Skálholtsútgáfan.

Hargreaves, A. (1998). The emotional practice of teaching. *Teaching and Teacher Education, 14*(8), 835–854. doi: 10.1016/S0742-051X(98)00025-0

Hargreaves, A. og Fullan, M. (2000). Mentoring in the new millennium. *Theory into Practice, 39*(1), 50-56. Sótt af https://doi.org/10.1207/s15430421tip3901_8

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögurra og fimm ára aldurs. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf

Hrafnhildur Sigurðardóttir. (1996). Mál og málörvun. *Talfræðingurinn. 13*(1), 8-10.

Hrafnhildur Sigurðardóttir. (e.d.) *Málþroski barna er mál foreldra: Málþroski* [bæklingur] Reykjavík: Menntamálaráðurneytið. Sótt af https://www.heilsugaeslan.is/library/Files/throunarst.-Ung-og-sma/M%C3%A1l%C3%BEroski%20barna%20er%20m%C3%A1l%20foreldra.pdf

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *HLJÓM-2 Handbók*. Reykjavík: Höfundar.

Kangas, J., Venninen, T. og Ojala, M. (2016). Distributed leadership as administrative practice in Finnish early childhood education and care. *Educational Management Administration & Leadership, 44*(4), 617–631. doi: 10.1177/1741143214559226

Lumby. J. (2013). Distributed Leadership: The Uses and Abuses of Power. *Educational Management Administration & Leadership, 41*(5), 581-597. doi: 10.1177/1741143213489288

Marta Eydal, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson og Þóra Sæunn Úlfsdóttir. (2019). Börn sem eru sein til máls: Áhrif þjálfunar á orðaforða barns á þriðja ári. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. doi:10.24270/netla.2019.2

Menntamálastofnun. (e.d.). *Tras.* Sótt af https://mms.is/tras

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011.* Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/

Otto, B. (2018). *Language Development in Early Childhood Education.* New York: Pearson

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2018). *Leiðsögn: Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2019). Ljáðu mér eyra. Framtíð íslenskunnar og málumhverfi ungra barna. *Skírnir 193*(vor), 47–67.

Sigrún Grendal Magnúsdóttir. (2018). *Tákn með tali.* Sótt af https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali

Singh, S. og Kent, R. D. (2000). *Illustrated dictonary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group.

Tannehill, D. og MacPhail, A. (2017). Teacher empowerment through engagement in a learning community in Ireland: working across disadvantaged schools, *Professional Development in Education, 43*(3), 334-352. DOI: 10.1080/19415257.2016.1183508

Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn 19*(1), 5-7.

Valdís B. Guðjónsdóttir. (2007). Aðferðir til þess að örva málþroska hjá börnum. *Talfræðingurinn. 20*(1), 8-9

Weitzman, E. og Greenberg, J. (2002). *Learning languge and loving it*. Toronto: The Hanen centre.

Westby, C. (2006). A language perspective on executive function: Metacognition and selfregulation in reading. Í C. A. Stone, E. R. Silliman, B. J. Ehren og K. Apel (ritstjórar), *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 398-428). New York: Guilford Press

Wood, D., Milteer, R. Og Ginsburg, K. (2011). The Importance of Play in Promoting Healthy Child Development and Maintaining Strong Parent-Child Bond: Focus on Children in Poverty. *Newsletter. American Academy of Pediatrics, 129*(1), 204-214. DOI: 10.1542/peds.2011-2953

Þóra Másdóttir. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children*. Doktorsritgerð: Newcastle Univerity, Bretlandi.

Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson. (2015). Dæmigerð máltaka barna. Leiðbeiningar um ung- og smábarnavernd. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24366/Daemigerd%20maltaka%20barna.pdf

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Aðgerðaráætlun í læsisstefnu

Þáttur	Aðgerð	Hvar/Hvernig	Hver
Jólakötturinn	· Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir · Dagbókin lesin fyrir öll börnin	· Á heimili barnsins · Samverustund	· **Foreldrar** · **Allt starfsfólk**
Bókaormurinn	· Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir · Dagbókin lesin fyrir öll börnin	· Á heimili barnsins · Samverustund	· **Foreldrar** · **Allt starfsfólk**
Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír.	· Aðgangur að ritföngum og pappír frjáls	· Á stað sem börnin geta auðveldlega náð í hann. · Alltaf hægt að komast í efniviðinn	· **Allt starfsfólk**
Lesum bækur.	· Sögustund alla daga · Framhaldssaga · Bókasafn · Fræðslubækur og tímarit · Farið út með fræðslubækur vor og haust	· Í ávaxtastund · Hvíldar-/ slökunartímum · Farið í bókasafnið 1 x í mánuði · Bækur í bóka rekkum, þar sem börnin geta alltaf náð sér í bók til að lesa · Umhverfi og landslag	· **Allt starfsfólk:** Nýtum styrkleika allra starfsmanna.

Málörvunar-stundir	· Fámenn stund þar sem farið er yfir þætti hljóðkerfisvitundar	· Skipulagðar málörvunarstundir 1 x í viku.	· **Leikskólastjóri/ Sérkennari**
Lubbi.	· Fámenn stund þar sem farið er yfir málhljóðin og bókstafina.	· Skipulögð Lubbastund 1 x í viku. · Nýtum tækifærin sem gefast í frjálsa leiknum.	· **Allt starfsfólk** Nýtum styrkleika allra starfsmanna.
Söngstund.	· Að læra söngtexta og þulur. · Dansa og hlusta eftir taktinum.	· Skipulagðar söngstundir 1 x í vikur. · Samverustund alla daga.	·**Tónlistarskólastjóri** · **Allt starfsfólk** Nýtum styrkleika allra starfsmanna.
Að skrifa sig til læsis	· Að læra stafina og skrifa út frá tali, myndum og táknum.	· Tölva með Word forritinu.	· **Allt starfsfólk** Nýtum styrkleika allra starfsmanna.

Fylgiskjal 2 TRAS skráningarblað



Fylgiskjal 3 Samantektarblað TRAS 2-3 ára

			Hefur barnið áhuga á að leika sér við aðra	Sækist barnið eftir því að hjálpa til við ýmis störf	Lætur barnið að fyrra bragði í ljós þörf fyrir að tjá sig	Á barnið frumkvæði að samskiptum	Tjáir barnið sig með orðum við aðra að fyrra bragði	Getur barnið haldið uppi samræðum sem tengja stund / einu	Getur barnið beint athyglinni að ákveðnu verkefni	Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	Getur barnið haldið sig við verkefni dálítla stund?	Fylgir barnið einföldum fyrirmælum?	Getur barnið bent á algenga hluti?	Sýnir barnið áhuga þegar bið skoðið saman myndabækur?	Tekur barnið þátt í leikjum með rím og stuttar þulur?	Er tilbúlulega auðvelt að skilja barnið?	Getur barnið fundið réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirmælum?	Er framburður barnsins yfirleitt skýr	Notar barnið tveggja til þriggja orða setningar(yrðingar)?	Notar barnið fornafn þegar það talar um sjálft sig?	Notar barnið algeng orð yfir hluti	Notar barnið algeng sagnorð?	Er barnið farið að spyrja spurninga?	Notar barnið yrðingar með nei eða ekki?	Aldur
2.-.3.ára		nafn barns	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	
			Samleikur		Tjáskipti				Athygli				Málskilningur			Málvitund		Framburður				Orðaforði		Setningam.		
			100%	50%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	0%	0%	50%	100%	50%	100%	100%	0%	100%	100%	100%	2,8
		©Margrét Tryggvadóttir																										

Hefur náð færninni	100%
Hefur ekki náð færni	0%
Byrjunarf.	50%

Fylgiskjal 4 Samantektarblað TRAS 3-4 ára



3.-4. ára			Samleikur			Tjáskipti			Athygli			Málskilningur			Málvitund			Framburður			Orðaforði			Setningamyndun			
		nafn barns	100%	100%	100%	100%	50%	100%	####	0%	0%	100%	0%	100%	100%	50%	0%	100%	100%	0%	100%	100%	100%	0%	0%	100%	3,8
©Margrét Tryggvadóttir																											

Hefur náð færninni	100%
Hefur ekki náð færni	0%
Byrjunarfærni	50%

Fylgiskjal 5 Samantektarblað TRAS 4-5 ára



4.-5.ára			Samleikur			Tjáskipti			Athygli			Málskilningur			Málvitund			Framburður			Orðaforði			Setningamyndun			
		nafn barns	100%	100%	0%	100%	0%	100%	0%	50%	50%	0%	50%	50%	0%	100%	50%	100%	100%	50%	100%	0%	100%	0%	0%	100%	4,8
©Margrét Tryggvadóttir																											

Hefur náð færninni	100%
Hefur ekki náð færni	0%
Byrjunarfærni	50%

Fylgiskjal 6 Niðurstöðublað til foreldra Orðaskil

Trúnaðarmál

Niðurstöður úr málþroskaprófinu *Orðaskil*

A orðaforðagátlisti og E setningagerð.

Nafn: Pálína Páls.

kennitala: 130303-3333

Foreldrar: Páll Pálsson og Anna Jónsdóttir

Niðurstöður

Lífaldur við prófun: 47 mánuðir og 11 daga.

Við útreikninga á niðurstöðum var notuð styttri útgáfa af málþroskaprófinu *Orðaskil* sem metur virkan orðaforða og setningagerð hjá 18 mánaða til 36 mánaða gömlum börnum.

Í orðaforða kom fram að Pálína notar 425 orð sem telst vera töluverð frávik samkvæmt þessu prófi. Stúlkur 36 mánaða að aldri nota að meðaltali 626 orð.

Í setningagerð fékk Pálína10 stig sem telst vera töluverð frávik samkvæmt þessu prófi.

Stúlkur 36 mánaða að aldri fá að meðaltali 37 stig.

Niðurstöður prófsins sýna frávik er í orðaforða og setningagerð.

Lagt er til að Pálína fari í frekari greiningu hjá talmeinafræðingi með samþykki foreldra.

Tekið skal fram að markviss málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar fer strax af stað fyrir barnið þitt í leikskólanum. Undirrituð mun bjóða foreldrum á fund fljótlega til þess að fara yfir niðurstöður prófsins og ræða leiðir til úrbóta.

_____ _____

Staður og dagsetning /undirskrift starfsmaður sérkennslu

_____

Staður og dagsetning /undirskrift foreldri eða forráðamaður

Fylgiskjal 7 Úrvinnsla Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða og færni ungra barna á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skoðað hvort málþroski barna á þessum aldri falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Prófið skiptist í tvo hluta: Orðaforðagátlista og setningagerð (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

Nafn barns: _____ Kt.:

_____

Úrvinnsla fyllt út af: _____Dags. prófunar: _____

Prófi fyllt út af:_____

Kafli I-A – Orðaforðagátlisti

Stigafjöldi í þessum kafla er sá fjöldi orða sem foreldrar hafa merkt við.

Nafn barns: _____ fékk samtals ____orð.

Meðaltal orða hjá drengjum/stúlkum á ofangreindum lífaldri er _____orð.

Nafn barns: _____ er með orðaforða __ í meðallagi __ undir meðallagi __ yfir meðallagi

Kafli II-E – Setningagerð

Í þessum kafla eru setningapör og er seinni setningin í hverju pari flóknari en sú fyrri á einhvern hátt. Gefið er fyrir þennan kafla með því að telja hversu oft foreldrar hafa merkt við seinni setninguna í setningapari. Hver setning sem foreldrar merkja við gefur eitt stig.

Nafn barns: _____ fékk samtals ____ stig.

Meðaltal setningagerða hjá drengjum/stúlkum á ofangreindum lífaldri er _____stig

Nafn barns: _____ er með setningagerðir:

__ í meðallagi __ undir meðallagi __ yfir meðallagi __

Niðurstöður

Veikleikar koma fram í orðaforða barnsins_____

Veikleikar koma fram í setningargerð hjá barninu_____

Veikleikar koma fram í bæði orðaforða og setningagerð____

Engir veikleikar komu fram_____

Fylgiskjal 8 Hugmyndir að úrræðum Orðaskil

 Heyrnarmæling.

 Nánari skoðun á málþroska (*TRAS)*

 Tilvísun til talmeinafræðings.

 Tilvísun til sálfræðings eða greiningarteymis.

 Stuðningstímar og einstaklingsáætlun út frá niðurstöðum. Skilgreind málörvun út frá þörfum barnsins.

 Viðtal við foreldra/ráðgjöf varðandi málörvun/heimavinnu.

 Samvinna (talmeinafræðingur, leikskólasérkennari, þroskaþjálfi, sálfræðingur, foreldrar, aðrir starfsmenn leikskólans).

 Fylgja eftir áherslum í málörvun inni á deild, í útiveru, matartíma og samverustundum.

 Val á viðeigandi bókum.

Undirskrift umsjónaraðila/sérkennslustjóra

_____

Fylgiskjal 9 HLJÓM-2 niðurstöður

Nafn barns f.d. 00.00.00
Heilsuleikskólinn Kæribær ____Guðrún Sigurðardóttir____ skólastjóri
Prófandi _____Guðrún Sigurðardóttir_____

Á haustin er *HLJÓM-2* lagt fyrir elstu börn leikskólans, en það er íslenskt aldursbundið prófтæki (skimun) í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund þ.e. hljóð- og málvitund. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast: rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-40 mínútur, fyrir hvert barn. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir.

Niðurstöðurnar gefa marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst, bæði heima og í leikskólanum, með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum.

Niðurstöður á *HLJÓM-2*

Verkefnaþættir	**Mánuður og ártal**			
	Mjög slök færni	**Slök færni**	**Meðal færni**	**Góð færni**
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
Samtala				

Fyrri fyrirlögn var framkvæmd dagsetning og ártal
Heildarniðurstaðan var að nafn barns kom út með slaka færni og verður því að endurtaka fyrirlögnina í janúar næstkomandi.
Fyrirlögnin gekk ágætlega og var einbeiting nafn barns ágæt, oft hafði hann þó ekki fullan skilning á því hvað verkefnin fólu í sér en hann var vinnusamur og þótti vinnan skemmtileg.

Í framhaldi af niðurstöðum verður unnin hópavinna og einstaklingsvinna, þar sem nafn barns mun vinna verkefni tengd þeim þáttum sem teknir eru fyrir á Hljóm-2 jafnframt verður foreldrum afhent verkefni sem þau geta unnið saman heima.

Foreldrar geta haft áhrif og eflt þessa þætti heima, sjá meðfylgjandi leikhugmyndir.
Ef foreldrar hafa einhverjar spurningar í þessu sambandi er sjálfsagt að hafa samband við mig hér í leikskólanum, í síma eða með netpósti.

Fylgiskjal 10 Hljóm -2 verkefnahugmyndir

Rím:
Hægt er að þjálfa þennan þátt málsins með því að finna leiki sem reyna á tilfinningu fyrir hrynjanda málsins og byggður upp orðaforði um leið og leikið er með rímsögur og þulur og þetta tengt alls konar hreyfileykjum og hljóðgjöfum. Hægt er að spyrja barnið spurninga á borð við : Hvað er uppi á höfði þínu sem rímar við *sár*? Ari er smár en Óli er..? *klár, hár* o.s.frv.

Samstöfur:
Í þessum þætti er ætlast til að barnið klappi atkvæði í orðum
Afi er t.d. 2 klöpp Af-i eða A-fi. Nafn barns er 5 klöpp o.s.frv.

Samsett orð:
Barnið setur saman tvö orð oftast nafnorð. Góð æfing er að gefa barninu fyrri hluta orðs og fá það til að botna. Dæmi: fót..... barnið botnar....bolti. snjó.....barnið botnar.....hús, þota, karl...o.s.frv.Mikilvægt er að fá barnið til að velta innihaldi orða fyrir sér. Dæmi: Af hverju heitir sandkassi sandkassi? Af hverju heitir leikskóli leikskóli? Einnig er gaman að leika sér að því að víxla orðum í samtengingum. Barnið lærir að sum orð er hægt að segja á tvo vegu, en önnur ekki af því að orðin sem verða til eru ekki til í tungumálinu. Orðið kertaljós er til en ekki ljóskerti. Aftur á móti er bæði hægt að tala um blómapott og pottablóm.

Hljóðgreining:
Í þessum þætti á barnið að greina eitt stakt hljóð í orði. Hljóðið getur verið fremst, aftast, í miðju orðsins eða ekki til staðar í orðinu. Dæmi: heyrist /M/ í mús? Heyrist /S/ í mús? Heyrist Heyrist /L/ í mús. Heyrist /Í/ í sími. Barnið svarar þá já eða nei. Best er að nota tveggja til fjögurra hljóða orð. Hér er mjög gott að ýkja hljóðið sem barnið á að heyra. Einnig er mjög gott að nota Lubbatákn, en þá er hægt að tákna hvert hljóð í orði. Hægt er að fá myndir af táknunum hjá sérkennslustjóra. Með myndunum má raða orðinu upp og skoða hljóðmyndirnar og prófa að heyra hljóðin.

Margræð orð:
Hér er fjallað um hluti sem nota sama orðið þótt þeir tákni mismunandi hluti. Dæmi: ef að það springur pera í ljósinu hvernig peru þarf að setja, peru eða ljósa-peru. Hægt er að æfa þessa færni með orðaleikjum/leikjaþrautum sem reyna á að barnið noti ályktunarhæfni og rökvísi til að komast að réttri niðurstöðu.Dæmi: Ég er dýr sem heiti alveg eins og hluturinn sem maður ýtir á til að komast inn í hús (bjalla). Eins má nota leikræna tjáningu. Ég er hár (á höfði eða langur). Einnig er hægt að segja ef að það kviknar ekki ljósið í herberginu og það þarf að setja nýja peru í, er hægt að borða hana?

Orðhlutaeyðing:
Barnið á að greina tvo merkingarbæra orðhluta. Bæði þessi þáttur og samsett orð reyna á hvort barnið áttar sig á aðalatriðum innan orðs, þ.e. merkingarbæru orðhlutunum.
Hægt er að æfa þennan þátt með því að nota sjónrænar tengingar eins og kubba eða myndir. Það auðveldar barninu að skilja hvernig orðin eru aðskilin. Gæta þarf þess þá að kubburinn eða myndin sem tákna fyrri hluta séu réttu megin miðað við lesátt. Dæmi : Hvað verður eftir þegar þú tekur loft burt af loftljós? Hvaða orð verður eftir ef þú tekur burt kakó af kakómjólk?

Hljóðtenging:
Í þættinum hljóðtenging á barnið að greina hljóð að í orði. Í þessum þætti á það að hljóða saman tvö til þrjú hljóð í orð. Dæmi: /*A*/-/r/-/i/ = Ari. Í leikjum til að þjálfa þessa færni sem og í færni í að greina að hljóð í orði er mikilvægt að ýkja hljóðin og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan (sbr. /T/. /k/ o.fl.). Sögð eru hljóðin í orðinu með u.þ.b. 1.sekúndu bili og barnið giskar á hvað verið er að segja. Dæmi: /Ó/-/s/-/k/ = Ósk. Einnig er mjög gott að nota Lubbatákn, en þá er hægt að tákna hvert hljóð í orði. Hægt er að fá myndir af táknunum hjá sérkennslustjóra. Með myndunum má raða orðinu upp og skoða hljóðmyndirnar og prófa að heyra hljóðin.

Fylgiskjal 11 MIO skráningarblað



Fylgiskjal 12 MIO skráningarblað 5-6 ára



Fylgiskjal 2

Færniviðmið 5 - 6 ára barna

Eftirfarandi viðmið eru sett með hliðsjón af niðurstöðum Dóróþeu G. Reimarsdóttur (2011) um almenn einkenni talna- og aðgerðaskilnings sex ára barna og reynslu þýðenda.

Svið	Þættir	Færniviðmið
Þrautalausnir	**Tungumál stærðfræðinnar**	Getur notað rétt samanburðarhugtök fyrir *fjölda, þyngd, lengd* og *aðrar stærðir.* Getur nefnt og bent á *ferhyrning, þríhyrning* og *hring.* Notar fjöldahugtök rétt.
	Rökhugsun	Fer eigin leiðir í lausnaleit. Getur tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
Rúmfræði	**Form og staðsetning**	Getur mælt lengd og þyngd með óhefðbundnum mælitækjum. Getur púslað 20 bita púsluspil.
	Mynstur og röðun	Getur búið til mynstur. Getur haldið áfram með einfalt mynstur. Getur speglað einfalda kubbabyggingu eða teikningu.
Talning og fjöldi	**Tölur, talnaröð og talning**	Kann talnaröðina eitthvað áleiðis í tveggja stafa tölur. Getur talið til baka frá 10. Getur notað raðtölurnar a.m.k. upp í „fimmti“. Getur lesið tölur a.m.k. upp í 10 og nokkrar fleiri tveggja stafa tölur. Getur skrifað nokkra tölustafi.
	Fjöldi (og aðgerðir)	Getur raðað í stígandi röð fjölda allt að 10. Getur búið til hóp í samræmi við gefinn fjölda. Bæta einum/tveimur við og taka einn/tvo af. Getur skipt nokkrum hlutum jafnt á milli 2 - 4 barna.

Fylgiskjal 13 Samantektarblað MIO 2-3 ára



		Nafn	Þrautalausnir				Rúmfræði				Talning og fjöldi					
			1	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2		
2.-.3.ára			Tungumál stærðfræðinnar		Rökhugsun		Form og staðsetning		Mynstur og röðun		Tölur, talnaröð og talning		Fjöldi			
															nei	2,6
															nei	2,6
															nei	2,6
															nei	2,6
															nei	2,6
															já	2,6
															nei	2,6
															já	2,6

Hefur náð færninni	100%
Hefur ekki náð færni	0%
Byrjunarf.	50%

Fylgiskjal 14 Samantektarblað MIO 3-4 ára

		Nafn	Þrautalausnir				Rúmfræði				Talning og fjöldi					
			1	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2		
3.-4. ára			Tungumál stærðfræðinnar		Rökhugsun		Form og staðsetning		Mynstur og röðun		Tölur, talnaröð og talning		Fjöldi			
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
															nei	3,6
																3,6
																3,6
																3,6

Hefur náð færninni	100%
Hefur ekki náð færni	0%
Byrjunarfærni	50%

Fylgiskjal 15 Samantektarblað MIO 4-5 ára

Fylgiskjal 16 Samantektarblað 4-5 ára



Fylgiskjal 17 Námsmarkmiðablað



NÁMSMARKMIÐ:
Deildarstjóri á samráðsfund með forráðamönnum og sérkennsluteymi um úrræði og viðeigandi kennsluefni

Heilsuleikskólinn Kæribær

1. Námsmarkmið vegna:
- ☐ **Hegðun og líðan**
- ☐ **Málþroska**
- ☐ **Hreyfiþroska**

2. Hvaða skráning hefur farið fram:
- ☐ AEPS
- ☐ AHA skráning
- ☐ EFI
- ☐ Bakgrunnsupplýsingar
- ☐ Heilsubók
- ☐ Íslenski smábarnalisti
- ☐ Íslenski þroskalisti
- ☐ Málhljóðamælir
- ☐ MOT
- ☐ Orðaskil
- ☐ TRAS
- ☐ Þroskamat heilsugæslu
- ☐ .....

3. Úrræði heima
Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð:

4. Úrræði inni á deild
Deildarstjóri ber ábyrgð:

5. Úrræði í sérkennslu
Sérkennari ber ábyrgð:

6. Endurmat/lok máls
Endurmat, dags._____ Máli lokið, dags._____

7. Undirskriftir:
Dagsetning: _____ Nafn leikskóla: _____

Nafn barns: _____ Kennitala _____

Deildarstjóri: _____ Sérkennari _____

forráðamenn: _____

2. útgáfa
Nóv. 2020